

**Nd.**

**1079. Breytingartillögur**

[456. mál]

við frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

1. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. gr. komi: félagsmálaráðherra.
2. Við 4. gr. Síðasti másl. gr. orðist svo: Þóknanaefnd ákveður þóknun stjórnarinnar.
3. 6. gr. orðist svo:  
Stjórn Byggðastofnunar ræður einn forstjóra til 6 ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar. Kjaradómur ákveður laun og starfskjör forstjóra.
4. 9. gr. orðist svo:  
Í starfi sínu skal Byggðastofnun hafa samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarstjórnir, þróunarfélög og aðra heimaaðila eftir atvikum. Stofnunin getur gert samstarfssamninga við slíka aðila um áætlanagerð og aðra skipulega starfsemi.  
Áætlanir, sem fela í sér tillögur um aðgerðir á sviðum sem heyra undir ýmis ráðuneyti, skulu sendar félagsmálaráðherra sem gerir ríkisstjórninni grein fyrir þeim. Viðkomandi ráðuneyti skulu síðan fjalla um tillögur Byggðastofnunar.  
Byggðastofnun fylgir eftir framkvæmd samþykktra byggðaáætlana. Áætlanir skal endurskoða eftir því sem tilefni eru til.